Ásmundur Sveinsson 1893–1982

# Svipir lands og sagna · *Expressions of Land and Tales*



Verk úr Ásmundarsafni · maí 2001 – febrúar 2002



Eldmessan / The Fire Sermon 1965

# ÁSMUNDUR SVEINSSON
1893–1982

Ásmundur Sveinsson fæddist á Kolsstöðum í Dalasýslu 20. maí 1893. Árið 1915 fór Ásmundur til Reykjavíkur og lagði stund á tréskurðarnám hjá Ríkarði Jónssyni. Jafnframt því var hann við nám í Iðnskólanum.

Að loknu tréskurðarnámi haustið 1919 sigldi Ásmundur til Kaupmannahafnar. Þar var hann í teikniskóla einn vetur og naut tilsagnar Viggos Brandts. Síðan lá leið hans til Stokkhólms þar sem hann tók inntökupróf í Listaháskólann haustið 1920 og var þar í sex ár. Aðalkennari hans í Stokkhólmi var myndhöggvarinn Carl Milles.

Vorið 1926 útskrifaðist Ásmundur frá Listaháskólanum og hélt til Parísar þar sem hann dvaldist næstu þrjú árin og lærði meðal annars hjá franska myndhöggvaranum Despiau. Ásmundur kom aftur heim vorið 1929 eftir tíu árabúsetu erlendis.

Árið 1933 reisti hann sér hús við Freyjugötu, húsið sem nú heitir Ásmundarsalur. Árið 1942 hóf hann byggingu kúluhússins við Sigtún og nokkru seinna bætti hann við píramídunum tveimur. Á árunum 1954–1959 reisti hann svo bogaskemmuna.

Ásmundur var á meðal frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar. Hann sótti innblástur í íslenska náttúru og bókmenntir, sem og til þjóðarinnar í landinu. Efnismikil, kröftug og stundum ógnandi verk hans eru lík þeim kynjamyndum sem lesa má úr íslenskri náttúru. Þótt myndefni Ásmundar hafi fyrst og fremst verið af þjóðlegum toga tileinkaði hann sér engu að síður meginstrauma alþjóðlegrar listsköpunar og gaf henni um leið íslenskt yfirbragð – íslenskt inntak.

Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg listasafn sitt eftir sinn dag. Hann andaðist í Reykjavík 9. desember 1982.

# ÁSMUNDUR SVEINSSON
1893–1982

Ásmundur Sveinsson was born in Kolsstaðir, west Iceland, on May 20, 1893. In 1915, he moved to Reykjavík and began studying woodcarving with Ríkarður Jónsson. At the same time, he studied engraving at The Reykjavík Technical School.

After finishing his studies in the fall of 1919, Sveinsson sailed to Copenhagen and enrolled in a drawing school for one year, studying under the guidance of Viggo Brandt. From there he went to Stockholm and took an entrance exam to the Academy of Arts in the fall of 1920. He studied there for six years under the guidance of sculptor Carl Milles.

Sveinsson graduated from the Academy in the spring of 1926, moving to Paris for three years and studying with, among others, the French sculptor Despiau. Sveinsson returned to Iceland in the spring of 1929, after having lived abroad for ten years.

By 1933 he built a house at Freyjugata in Reykjavík, now called Ásmundarsalur. By 1942 he had started work on the round dome at Sigtún, in Reykjavík, and later he added the two pyramids. From 1955 to 1959 Sveinsson built the crescent-shaped building.

Sveinsson was one of the pioneers of Icelandic sculpture, inspired by the country's nature and literature, as well as by the people itself. His massive, powerful and sometimes provocative works are akin to the wondrous formations that can be seen in Icelandic nature. Although the visual material Sveinsson used was first and foremost national in origin, he nonetheless adopted the main currents in international art, at the same time lending them an Icelandic character – an Icelandic content.

Sveinsson died in Reykjavík on December 9, 1982, donating the house and his collection to the City of Reykjavík.



## Velkomin í Ásmundarsafn

Sýningin sem nú stendur í safninu hefur að geyma úrval af verkum Ásmundar Sveinssonar. Hún spannar feril hans gjörvallan, allt frá skólaárum hans í Stokkhólmi til verka sem hann vann á síðustu áratugum ævinnar. Það er gefandi viðfangsefni að umgangast verk Ásmundar og kynnast þeim nánar; áður en langt um líður eru þau mörg hver orðin hluti af manni sjálfum, og líklegt að það hafi einmitt verið ætlun listamannsins við sköpun þeirra.

Í Ásmundarsafni hefur undanfarin ár verið unnið mikið starf með ungu fólki sem hefur komið hingað í stórum hópum til að skoða húsið, fræðast um Ásmund og njóta þeirrar myndlistar sem hann hefur skapað. Börn halda vonandi áfram að hafa garðinn að leiksvæði – og njóta listaverkanna um leið – eins og alla tíð hefur verið. Ásmundur var ánægður að sjá börn leika sér innan um verkin sín, og margir eiga góðar minningar frá slíkum leikdögum.

Ásmundarsafn er perla í miðju Reykjavíkur. Allir Reykvíkingar vita af þessari perlu en hafa ef til vill ekki verið jafn duglegir að kynna sér hana nánar. Sýning eins og sú sem nú stendur yfir er lykill okkar allra að Ásmundi og ferli hans. Það er mikill fengur að geta skoðað verk hans frá ýmsum tímum og sjá með hvaða hætti þau hafa þróast í gegnum tíðina, allt frá fyrstu árum hans til hinna síðustu.

Njótið vel heimsóknarinnar.

*Eiríkur Þorláksson*
forstöðumaður

## Welcome to the Museum

The exhibition is based on a selection of works by the artist, spanning his whole career from his days at the Academy in Stockholm to works that he completed in the last decades of his life. It is a very giving experience to work with Sveinsson's art works and get to know them better; before long many of them seem to have become part of your person, and that is probably exactly as the artist intended.

In recent years there has been a lot of work done with young people in the Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, who have come in great numbers to see the building, learn about the artist and enjoy the art works that he created. Children will hopefully continue to make the garden their playground – and enjoy the sculptures at the same time, as children have always done; Sveinsson was very happy when children played among his works, and many people have fond memories of such playful days.

The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum is a jewel in the center of Reykjavík, that all the inhabitants are familiar with, but have perhaps not been as diligent in getting to know more thoroughly. An exhibition like the one currently in the Museum is a key for all of us to Sveinsson and his oeuvre, and it is a great opportunity to be able to see his works from different times to appreciate how they developed through the years, from the beginning of his career to the end.

Enjoy.

*Eiríkur Þorláksson*
director



Fýkur yfir hæðir / Moorland Flight 1931–1933

Listasafn Reykjavíkur
Ásmundarsafn
Sigtúni
105 Reykjavík

Aðalsamstarfsaðili Íslandssími

Stjórn Ásmundarsafns / *The board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum:*
**Guðrún Jónsdóttir**, formaður / *chair*
**Ásdís Ásmundsdóttir, Anna Geirsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson.**
Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / *Director of Reykjavík Art Museum:* **Eiríkur Þorláksson.**
Sýningarstjórn / *Curator:* **Ólöf K. Sigurðardóttir**

Umsjón með gerð sýningarskrár / *Catalogue production:* **Ólöf K. Sigurðardóttir**
Ljósmyndun /*Photography:* **Pétur Sörensen, Kristján Pétur Guðnason, Kristinn Helgason**
Grafísk hönnun / *Graphic Design:* **Guðmundur Oddur Magnússon**
Þýðing / *Translation:* **Eiríkur Þorláksson, SKJAL**
Yfirlestur / *Proof-reading:* **Mörður Árnason**
Prentun / *Printing:* **Grafík hf.**